

# Frá Broadway til Alþingis

## Kjallari

Dorvaldur Gylfason  
skólar



Ég man þegar ég flutti til Washington, höfuðborgar Bandaríkjanna, fyrir bráðum 40 árum. Þá héngu þar víða uppi í skóvinnustofum, efnalaugum og öðrum vinnustöðum myndir af John F. Kennedy forseta, sem hafði verið myrtur í Dallas fáeinum árum fyrr. Fátækt blökkufólk heiðraði minningu fallins forseta. Nær hefði verið að hafa þarna heldur uppi hangandi myndir af mér, var haft eftir Lyndon B. Johnson, sem tók við forsetaembættinu eftir Kennedy. Johnson kom langþráðri mannréttindalöggjöf í gegnum Bandaríkjaþing 1964 gegn harðri andstöðu repúblíkana og einnig demókrata frá suðurríkjum. Kennedy kom fáum frumvörpum gegnum þingið, en þar var Johnson öllum hnútum kunnugur.

### Lyndon Johnson

Nú gengur fyrir fullu húsi á Broadway nýtt leikrit, All the Way, eftir bandaríska leikskáldið Robert Schenkkan. Leikritið segir söguna af fyrsta ári Johnsons í Hvíta húsinu, 1964. Johnson lagði allt kapp á að koma mannréttindafrumvarpi Kennedys gegnum þingið og tryggja þannig sjálfum sér endurkjör 1964. Bryan Cranston leikur LBJ af því líkri list, að ég hef sjaldan séð annað eins á sviði. Cranston varð frægur í hlutverki efnafraeðikennarans, sem lendir í fjárþróng og snýr sér að eiturlyfjafraemleislu í sjónvarpsþáttunum Breaking bad, 60 tíma stím, hvergi dauft augnablik.

Sagan frá 1964 á erindi við nútímanna. Þá voru innan við 100 ár liðin frá lokum borgarastríðsins, sem kostaði 600.000 Bandaríkjamenn lífið, einnig Abraham Lincoln, merkasta forseta landsins fyrr og síðar. Borgarastyrjöldin snerist í reyndinni um rétt meiri hluta landsmanna

Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Árni Páll Árnason og Katrín Jakobsdóttir kolféllu á sama prófi 2013.

til að skerða rétt minni hlutans í suðurríkjum til þrælshalds. Sigur norðurríkjanna leiddi til afnáms þrælshalds 1865, en með því lauk þó ekki baráttunni fyrir fullum réttindum blökkumanna.

Lyndon Johnson einsetti sér að feta slóð Lincolns og fá þingið til að samþykka mannréttindalög til að girða fyrir mismunum á grundvelli kynþáttar, litarháttar, trúarbragða, kynferðis eða ætternis. Þetta þótu sjálfsgöð mannréttindi víða í Vestur-Evrópu, en ekki í Bandaríkjunum. Johnson þurfti að vaða eld og reyk, svo hörd var andstaðan af hálfu þeirra, sem töldu sér ógnað, fengu svartir menn og hvítir að sitja við sama borð. Johnson beitti ýmsum brögðum til að koma frumvarpinu í gegnum báðar deildir þingsins. Hann skirrðist ekki við að hræða líftóruna úr andstæðingum sínum og hikandi samherjum eða jafnvel múta þeim, m.a. með því að lofa stuðningi við lítilmótlegt kjördæmapot.

Blökkumenn undir forustu dr. Martins Luther King voru viðkvæmir fyrir málamiðlunum, sem Johnson hugleiddi til að koma málinu í höfn, og hótuðu fjöldamótum. Þeir brugðust ókvæða við, þegar Johnson féllst á að veikja ákvæði um jafnan kosningarétt svartra og hvíttra í frumvarpinu. En Johnson sagði: Tökum eitt skref í einu, jöfnun kosningaréttarins er næst á dagskrá. Klukkan gekk. Johnson varð að koma frumvarpinu fram í tæka tíð fyrir forsetakjörið í nóvember 1964. Hann barðist eins og ljón. Hann þurfti 67 atkvæði af 100 í öldungu-



deildinni til að stöðva nær tveggja mánaða málþóf andstæðinganna. Það tókst, með herkjum. Hubert Humphrey, síðar varaforseti, átti sinn þátt í því. Frumvarpið var samþykkt í báðum þingdeildum með 70% atkvæða gegn 30%. Vitað var, að meiri hluti kjósenda studdi frumvarpið.

Hvað gerðist næst? Norska Nóbelsverðlaunanefndin tilkynnti í október, mánuði fyrir kosningar, að Martin Luther King skyldi hljóta friðarverðlaun Nóbels, 35 ára að aldri. Ég man ekki viðbrögðin, sem verðlaunin vöktu meðal andstæðinga Johnsons í aðdraganda kosninganna, en víst má telja, að viðurkenningin hafi sefað blökkumenn og blásið þeim kjark og sigurveginn í brjóst. Mánuði síðar sigraði Johnson keppinaut sinn, Barry Goldwater, frambjóðanda repúblíkana, með 61% atkvæða gegn 39%, og 95% blökkumanna kusu Johnson. Árið eftir, 1965, efndi Johnson heit sitt og keyrði jafnan kosningarétt hvíttra og svartra í gegnum þingið með miklum brag.

### Að standast próf

Átti Johnson að gefast upp fyrir þeim, sem sögðust hafa heilagan rétt til endalaus málþófs? Átti hann

að gefast upp fyrir þeim, sem sögðu jafnan rétt hvíttra og svartra brjóta gegn stjórnarskránni? Átti hann að gefast upp fyrir þeim, sem sögðu, að um viðkvæm lög, sem snerta stjórnarskrána, þurfi að ríkja viðtæk sátt í þinginu?

Nei, auðvitað ekki. Johnson bauð þrjútonum byrginn. Hann taldi, að málþóf í þágu rangs málstaðar og mannréttindabrota verði réttisýnir menn að stöðva eins og lögin leyfa. Hann taldi það fjarstæðu, að jafnrétti kynþáttanna brjóti gegn stjórnarskránni. Og hann taldi fráleitt, að um framför mannréttinda þurfi að ríkja viðtæk sátt á þingi, því að minni hlutinn, sem nærast á ranglæti og mismunum, mun ævinlega berjast gegn jafnrétti og verður því að lúta í lægra haldi skv. leikreglum lýðræðisins.

Johnson stóðst prófið 1964 með miklum brag. Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Árni Páll Árnason, Katrín Jakobsdóttir og Guðmundur Steingrímsson kolféllu á sama prófi 2013, þegar þau heykust á að neyta aflsmunar á Alþingi fyrir samþykkt nýrrar stjórnarskrár í samræmi við skriflegar yfirlýsingar meiri hluta þingmanna og í samræmi við vilja kjósenda eins og hann birtist í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. ■